

O PO POI

Höfundur texta og mynda: Jan Oksbøl Callesen (DA) Jensen & Dalgaard, 2021

Var tilnefnd til Barna- og unglingabókaverðlauna Norðurlandaráðs 2022

Söguþráður: Önd, kanína og api sitja í gúmmibát og tala um tvo ketti, frænda annars kattarins og þegar tunglið hrapaði. Heiti sögunnar er sótt í viðlag kórsöngs í grískum harmleikjum, „O po poi“, en sagan fjallar um þrjá vini sem tala um bæ þar sem tunglið hrapaði. Sagt er frá fólki sem talar um og hefur miklar skoðanir á því hvað annað fólk eigi að gera – en gerir kannski ekki svo mikið sjálf. Sagan fjallar einnig um það þegar við köllum annað fólk fávita. Atburðarásin og viðfangsefni sögunnar gefa kost á umræðum um ábyrgð, siðferði og heimspeki.

Efnisorð: vinátta, hugmyndaflug, hugrekki, náttúra, samkennd, lausn vandamála, tengsl, ábyrgð

Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Flettið bókinni og skoðið með barninu: Gáið að því hversu oft gulu stelpunni með vatnskönnuna bregður fyrir í bókinni.

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu kápumyndina. Um hvað heldurðu að bókin sé?
2. Hvaða persónu í bókinni líkar þér best við? Teiknaðu persónu sem þér finnst passa inn í bókina. Klipptu persónuna út og láttu hana fara á milli blaðsíðnanna.
3. Hvernig líður tunglinu eftir hrapaði? Og hvernig bregst fólkið við því að tunglið hrapaði?

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Hvers vegna heldurðu að tunglið hafi hrapað?
2. Finnst þér kettirnir vera góðir við tunglið?
3. Er í lagi að kalla fólk fávita? Ræðið.



ISBN 978-952-7490-44-0

3. Búðu til ljóð um tunglið á ræningjamáli.

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér um bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst erfitt að skilja? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?
2. Lýstu persónum andarinnar, kanínunnar og apans. Hvernig finnst þér persónurnar í bókinni láta skoðanir sínar í ljós?
3. Sérðu hvernig sögurnar hafa áhrif hver á aðra í myndum eða texta bókarinnar?
4. Finndu málshætti þar sem tunglið kemur við sögu.
5. Búðu til bullljóð sem byrjar á O po poi.
4. Leiktu söguna um apann, öndina og kanínuna í bátnum.

ÖNNUR BÓK SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Krokodille i treet - Ragnar Aalbu

MÁLAMOLI

"Tungl"

sænska

Måne

danska

Måne

norska

Måne

íslenska

Tungl

færeyska

Máni

grænlenka


Qaammat

finnska

Kuu

norðursamíska

Mánnu



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)